

## FW: Fundargerð Heilbrigðisnefndar 25. ágúst 2017

**Til** : Hjördís Þráinsdóttir  
**Frá** : Gísli Halldór Halldórsson  
**CC** : Þórdís Sif Sigurðardóttir; Brynjar Þór Jónasson  
**Heiti** : FW: Fundargerð Heilbrigðisnefndar 25. ágúst 2017  
**Málsnúmer** : 2017020078  
**Málsaðili** : Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða  
**Skráð dags** : 29.08.2017 11:45:31  
**Höfundur** : Gísli Halldór Halldórsson

**Viðhengi** [Viðbrögð við saurmenguðu\\_2016.pdf](#)  
[fundargerð\\_113\\_fundar\\_25\\_ágúst\\_2017.pdf](#)  
[fundargerð\\_113\\_fundar\\_25\\_ágúst\\_2017.pdf](#)

**From:** Anton Helgason [mailto:anton@hevf.is]

**Sent:** 28. ágúst 2017 16:13

**To:** Gísli Halldór Halldórsson ; petur@sudavik.is; Jón Páll Hreinnson ; talknafjordur@talknafjordur.is; Ingibjörg Birna Erlingsdóttir ; Kaldrananeshreppur ; vesturbyggd@vesturbyggd.is; Strandabyggd@strandabyggd.is; arneshreppur@arneshreppur.is; fv@vestfiridir.is

**Subject:** Fundargerð Heilbrigðisnefndar 25. ágúst 2017

Sæl Öll

Meðfylgjandi er fundargerð 113. fundar heilbrigðisnefndar sem haldin var á Hólmavík 25. ágúst 2017. Næsti reglulegi fundur heilbrigðisnefndar er á áætlun 27. október.

Sem oftast voru neysluvatnsmál til umræðu, listuð voru upp þau tilvik í sumar þar sem E.coli greindist í drykkjarvatni um er að ræða 6 sýni þar af 5 hjá ferðaþjónustuaðilum. Heilbrigðiseftirlit er áhættumiðað eftirlit þar sem vandamál eru til staðar er aukið við eftirlit, þannig er tíðni sýnatöku af neysluvatni á Vestfjörðum umfram kröfur í reglugerð því vatn hefur ekki verið af þeim gæðum sem ásættanlegt er. Viðbrögð við slæmu drykkjarvatni hafa einnig breyst, þannig er nú auglýst vatnsuða eftir fyrsta sýni sem tekið er og inniheldur E.coli samkvæmt tilmælum Matvælastofnunar frá því í október 2016. Áður var saurmengun staðfest með öðru sýni. Verulega vantar uppá að innra eftirliti vatnsveitna bæði einka og í þéttbýli sé sinnt á svæðinu. Lögð verður áhersla á að eftirlit vatnsveitna með búnaði, dreifikerfi og vatnsbóli verði sýnilegt.

Á Vestfjörðum er fjöldi sund- og baðstaða. Heilbrigðiseftirlitið heimsækir þá alla reglulega, tekur út hreinlætismál, fer yfir innra eftirlit.

Það er ljóst að miklu máli skiptir að starfsfólk sé vel þjálfað í þeim mikilvægu störfum sem fylgja gæslu og umsjón með sundstöðum. Hæfnispróf eru haldin því starfsfólk sem starfar við laugargæslu á að geta kafað eftir manni og komið upp á yfirborð í dýpsta hluta laugarinnar, og veitt fyrstu hjálp. Nokkuð hefur borið á að sumarstarfsmenn hafi ekki sótt tilskilin námskeið.

Sveitarfélögin reka nær allar sundlaugar á Vestfjörðum beint eða óbeint og fylgir rekstri sundlauga mikil ábyrgð. Rekstraraðila sundlaugar ber að gera skriflega áætlun um öryggi gesta, sem á að fela í sér áhættumat og áætlun um forvarnir. Gerð er krafa til skýrra merkinga, þjálfunar starfsfólk, þrifaáætlunar og innra eftirlits sem ekki verður komist hjá.

Við eftirlit með sund og baðstöðum í sumar hefur komið í ljós að hlutirnir eru alls ekki eins og þeir eiga að vera, við höfum verið að sjá gerlatölur úr sundlaugum og pottum sem eru yfir 200.000 í 100ml. Viðmiðunargildi eru 0-500 hámark 1000 gerlar (Gerlafjöldi við 37°C). Ýmsir sjúkdómar, þar á meðal mjög alvarlegir sjúkdómar, geta borist með baðvatni ef ekki er hugsað nægjanlega vel um sótthreinsun baðvatnsins. Algengustu sjúkdómar sem tengja má sundlauga notkun eru sýkingar í slímhimnum ( í augum, eyrum, hálsi og nefi) og í sárum og rispum á húð. Slíkar sýkingar eru mögulegar þar sem slímhimnur og húð eru í nánú sambandi við örverur í baðvatninu. Samkvæmt

erlendum rannsóknum á sjúkdómum sem tengjast sundlaugum eru um 60% sýkingar í slímhimnu, 20% magasýkingar og megnið af þeim 20% sem eftir eru húðsýkingar.

Það hefur lengi verið tíðkað að hengja boðbera slæmra tíðinda. Þannig varð í sumar uppákoma vegna skólpmengunar vegna bilunar í dælustöð í Reykjavík. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fylgdist með og tók sýni meðfram strandlengjunni. Það sem olli fjölmiðlafári í sumar vegna skólpmengunar var strandsjór sem var allstaðar undir 1000 saurgerlar í 100ml.

Með kveðju

Anton Helgason  
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða  
[Eftirlit@hevf.is](mailto:Eftirlit@hevf.is), [Anton@hevf.is](mailto:Anton@hevf.is)